

Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

2. janúar 2026, Reykjavík
UOS2512073/E.S.F.

Ákvörðun um veitingu bráðabirgðaheimildar - Hólabrekkuskóli

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, Skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, sem framsent var til Umhverfis- og orkustofnunar þann 5. desember 2025, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir Hólabrekkuskóla, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fram kemur í erindinu að verið sé að opna bráðabirgða húsnæði fyrir nemendur í Hólabrekkuskóla. Áhugi hafi verið fyrir því að flytja starfsemina fyrir jólafrí til að geta hafið skólastarfið í nýju húsi á nýju ári. Um sé að ræða heilmikla flutninga til að koma starfseminni fyrir og því sé þörf á bráðabirgðaheimild til að geta hafið kennslu fyrir 1.-3. bekk þegar börnin koma til baka úr jólafríi, á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu.

Einnig kemur fram að tólf færanlegum kennslustofum hafi verið komið fyrir á lóð skólans ásamt starfsmannaaðstöðu, kaffiaðstöðu, fundarherbergi, salernum og ræstingu og að búið verði að flytja allan búnað og koma starfseminni fyrir. Ef starfsleyfi verður ekki komið, yrði ekki hægt að hefja kennslu og þyrfti þá að fella niður skólastarf. Á gildistíma bráðabirgðaheimildar yrði kennsla fyrir 1.-3. bekk í húsinu sem eru um 150 börn ásamt um 15 starfsmönnum. Áætlað sé að hafa í húsinu kennslu næstu árin á meðan klárað er að endurnýja skólann en húsið er áætlað fyrir um 250 börn. Í húsinu séu einungis kennslustofur og munu börnin labba yfir í mat, íþróttir og verkgreinar.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfis- og orkustofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Umhverfis- og orkustofnun sendi erindið til umsagnar hjá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, þann 15. desember sl., sbr. 2. másl. 1. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem barst þann 29. desember sl. staðfestir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hafi borist embættinu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fór í eftirlit í húsnæðið þann 23. desember 2025 og mat húsnæðið fullnægjandi og tilbúið til

notkunar. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir því ekki athugasemd við veitingu bráðabirgðaheimildar til að hefja starfsemi í færanlegum kennslustofum.

Að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eru forsendur fyrir veitingu bráðabirgðaheimildar uppfylltar þar sem um skólaskylda nemendur sé að ræða og synjun leyfis myndi valda truflun á lögbundnu námi þeirra. Aðstaða í færanlegum kennslustofum telst fullnægjandi og uppfyllir kröfur um öryggi og hollustuhætti. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leggur því til að Umhverfis- og orkustofnun samþykki veitingu bráðabirgðaheimildar til kennslu í færanlegum kennslustofum við Hólabrekkuskóla.

Þegar lagt er mat á hvað heyrir til sérstakra undantekningartilvika, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 ber að líta til þeirra hagsmuna sem til staðar eru hverju sinni. Ljóst er að mikil röskun verður á skólastarfi sem hefur áhrif á fjölda nemenda, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans ef ekki er hægt að hefja kennslu í janúar þegar börnin eiga að koma aftur í skólann eftir jólafrí. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar er hér um að ræða sérstakt undantekningartilvik þar sem brýn þörf er á að hefja kennslustarfsemi í nýju húsnæði um leið og börnin koma úr jólafrí og tryggja þannig samfellu í lögbundnu skólastarfi með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Í ljósi framangreinds, umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þess að fram er komin fullnægjandi umsókn um starfsleyfi til að hefja kennslu í færanlegum kennslustofum á lóð Hólabrekkuskóla við Suðurhóla 10, 111 Reykjavík, hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur Umhverfis- og orkustofnun tekið ákvörðun um að veita Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasviði, kt. 530269-7609, bráðabirgðaheimild til að hefja kennslu í færanlegum kennslustofnum á lóð Hólabrekkuskóla.

Bráðabirgðaheimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasviði, kt. 530269-7609, ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, þar á meðal má nefna ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
2. Rekstraraðili skal fylgja ákvæðum í *Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla*.
3. Bráðabirgðaheimildin heimilar þó *ekki* meðferð og dreifingu matvæla, sbr. 5. kafla um matvæli í starfsleyfisskilyrðunum. Það er heilbrigðisnefnd sem gefur út leyfi á grundvelli laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. 9. gr. laganna.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer með eftirlit með starfseminni skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 og X. kafla reglugerðar nr. 903/2024 og ber Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, ábyrgð á að fylgja fyrirmælum heilbrigðiseftirlitsins um atriði er varða hreinlæti, hollustuhætti og

öryggisþætti. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar. Þá mun nefndin upplýsa Umhverfis- og orkustofnun um frávik þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti áform um veitingu bráðabirgðaheimildar til Reykjavíkurborgar, sbr. 5. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 29. desember 2025 til kl. 12:00 á hádegis þann 2. janúar 2026. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við áformin á sama tímabili. Tilkynning um opinbera birtingu var send til rekstraraðila og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sama dag og þau voru birt á heimasíðu stofnunarinnar. Engar athugasemdir bárust.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar. Umhverfis- og orkustofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu stofnunarinnar. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 2. janúar 2027. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða helst eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfis- og orkustofnun mun innheimta gjald fyrir umsýslu vegna umsóknarinnar um bráðabirgðaheimild, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri